

# STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN

## Tónlistarskólans í Fellabæ

Starfsþróunaráætlun er gerð með það að markmiði:

Að búa sem best að kennurum skólans og um leið að tryggja það að þeir hafi aðgang að símenntun sem nýtist þeim sem best í þeirra starfi.

Að kennarar taki þátt í námskeiðum/masterclössum sem koma þeim og skólanum til góðs.

Að koma í veg fyrir stöðnun og stuðla að framþróun.

- Fá fagaðila til skólans með námskeið/masterclass.

Fá kennara til okkar með ýmis námskeið sem nýtast muni öllum kennurum. T.d. í spuna, sem mikið er lagt upp með í námskrá. Skipta á milli hljóðfæra milli ára.

- Símenntunarferðir annað hvert ár. (150 klst til símenntunar samkv skjarasamn)

Í kjarasamningum er lagt til að símenntun sé um 150 tímar ár hvert, því leggjum við til að það skuli farið í endurmenntunarferðir á tveggja ára fresti, sem helst allir kenarar fari í eigi þeir þess kost, hvort heldur er innan-eða utanlands til að mæta þessum kröfum.

- Einstaklingsmiðuð áætlun, meta nám og menntun hvers einstaklings.

Að menntun og námskeið sem kennarar eru með skuli metin til launa einstaklingsbundið, því ekki eru allir með sömu menntun eða hafa sótt sömu námskeið.

- Skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti.

Það þarf að endurnýja skyndihjálparskírteini á tveggja ára fresti.

- Tryggja að sveitarfélagið styðji fjárhagslega við starfsþróun kennara.

Tryggja að kennarar viti um rétt sinn til að sækja um menntunarstyrki til sveitarfélagsins og tryggja gott aðgengi að þeim.

- Nýta aðgang að styrkjum stéttarféлага.

Upplýsa kennara um rétt þeirra til umsókna styrkja hjá stéttarfélögum.

- Tónlistarskólinn greiði fyrir, vilji kennari taka stigs-eða áfangapróf.

Vilji kennari taka stigs-eða áfangapróf skuli skólinn greiða fyrir þau.

- Að öll aðstaða sem kennarar nota sé aðgengileg og heilsusamleg.

Tryggja að aðstaða sé alltaf sú besta sem völ er á og passa upp að hún sé ekki skaðleg heilsu kennara svo sem t.d. vegna myglu og raka.

- Skyldumæting sé á haustþing tónlistarkennara.

Að kennarar séu skyldugir að sækja haustþing kennara til að fylgjast með framþróun og ekki síst að hitta aðra kennara í sömu stétt.

Uppfært í september 2018.